

Ed.

695. L Ö G

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

(Afgreidd frá Nd. 1. september).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til 1. desember 1917 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en eina milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ milljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ milljón kr., og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis, og eftir þörfum, í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir þær, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt, og ókeypis, það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem inneign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.